

## **Kvittanir fyrir björgunarlaun vegna sjávarháska í Dritvík árið 1817.**

*Dí. Skjalasafn Vesturamts. II.88. Bréf 1824, nr. 1921. Stafsetning hefur verið færð til nútíðarhorfs.*

Af þeim 80 rbd. í silfri sem hið konunglega danska Cancellíe undir 3<sup>ja</sup> maí þ. á. hefir gefins veitt sem laun fyrir björgun 5 manna úr lífsháska í Dritvík 1817 eru mér sem þá var háseti Guðmundar Sigurðssonar á Sveinsstöðum og hjálpaði að greindri björgun af h<sup>ra</sup> sýslumanni E. Sverrissyni útbetalaðir 6 rbd. í silfri, fyrir hvörja sex ríkisbankadali í silfri hér með kvittera.

(6 rbd. í silfri).            Ingjaldshóli þann 11<sup>ta</sup> október 1823.  
Ísleifur Ísleifsson.

Af ofanskrifuðum 80 rbd. í silfri eru okkur undirskrifuðum lögerfingjum Illuga sál. Torfasonar sem var háseti Guðmundar Sigurðssonar á Sveinsstöðum og hjálpaði að björgun 5 manna í Dritvík 1817 af h<sup>ra</sup> sýslumanni E. Sverrissyni útbetalaðir 6 rbd. í silfri og fyrir hvörja sex ríkisbankadali í silfri eður 7 rbd. 48 s. n.v. við hér með kvitterum.

(6 rbd. silfurs).            Stykkishólmi þann 16<sup>da</sup> desbr. 1823.  
Kristín Eiríksdóttir ekkja sál. Illuga Torfasonar.  
Bjarni Torfason og            Bræður Illuga  
Guðmundur Torfason.        sál. Torfasonar.

Af ofanskrifuðum 80 rbd. í silfri er mér undirskrifaðri sem var háseti Guðmundar Sigurðssonar á Sveinsstöðum og hjálpaði að björgun 5 manna úr lífsháska í Dritvík 1817 af sýslumanni E. Sverrissyni útbetalaðir 6 rbd. í silfri, fyrir hvörja sex ríkisbankadali í silfri eður 7 rbd. 48 s. í n.v. hér með kvittera.

(6 rbd. silfurs).            Grundarfirði þann 20<sup>da</sup> des. 1823.  
Helga Jónsdóttir.  
(handsalaði).

Af ofanefndum 80 rbd. í silfri er mér undirskrifuðum sem var háseti Guðmundar Sigurðssonar á Sveinsstöðum og hjálpaði að björgun 5 manna úr lífsháska í Dritvík 1817 af sýslumanni E. Sverrissyni útbetalaðir 6 rbd. í silfri, fyrir hvörja sex ríkisbankadali í silfri eður 7 rbd. 48 s. n.v. hér með kvittera.

(6 rbd. silfur).            Ingjaldshóli þann 24<sup>ða</sup> des. 1823.  
Guðlögur Ólafsson.

Af framanskriðuðum gefins veittum 80 rbd. silfurs er mér undirskriðuðum sem var háseti Guðmundar Sigurðssonar á Sveinsstöðum og hjálpaði til að bjarga 5 mönnum frá að drukna í Dritvík árið 1817 af sýslumanni E. Sverrissyni útbetalaðir 6 rbd. í silfri, fyrir hvörja sex ríkisbankadali í silfri eður 7 rbd. 48 s. n.v. hér með kvittera.

(6 rbd. silfur).      Ingjaldshóli þann 24<sup>ða</sup> des. 1823.  
Sæmundur Helgason.  
(handsalaði).  
(frá Keflavík).

Af framanskriðuðum af því konunglega danska Cancellíe gefins veittu 80 rbd. silfurs, er mér undirskriðuðum sem var hvatamaður til að bjarga 5 mönnum frá að drukna í Dritvík árið 1817, af sýslumanni E. Sverrissyni útbetalaðir 40 rbd. í silfri, fyrir hvörja fjörutíu ríkisbankadali í silfri eður 50 rbd. n.v. hér með kvittera.

(40 rbd. silfurs).      Sveinsstöðum þann 24<sup>ða</sup> desember 1823.  
G. Sigurðsson.

Af hr. sýslumanni Blöndal eru mér afhentir 6 rbd. 24 s. n.v. (skrifa sex ríkisbankadali, tuttugu og fjóra skildinga) sem er mér náðugast veitt umbun fyrir hluttekning í björgun fimm manna úr sjávarháska árið 1817, með fyrrverandi hospitalshaldara Guðmundi Sigurðssyni af Sveinsstöðum fyrir hvörja náðargjöf hér með, in duplo, þakklátlega kvitterar.

Efranúpi þann 14<sup>da</sup> september 1823. Jón Jónsson.

In duplo.

Ved herr. sysselmand Blondahl ere mig undertegnede udbetalte 6 rbd. 24 s. n.v. (skriver sex rigsbankdaler fire og tyve skilling navneværdie) hvilken summa er mig naadigst forundt belønning, som deeltagende, med forrige hospitalsholder Gudmund Sivertsen af Sveinsstødum inden Sneefjældsnaes syssel, i 5 menneskers redning fra at omkomme paa søen i aaret 1817, for hvilken naadegavn herved in duplo taknemmeligst qvitterer.

Dalgeirsstødum den 14<sup>de</sup> september 1823.  
J. Thomsen, capellan til Staderbacke.